



## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Tálknafjarðarhreppi 1.gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu-, sorpeyðingar og endurvinnslugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

### 2.gr.

Umhverfisgjald A er innheimt árlega vegna sorphirðu, -eyðingu og fyrir afnot af gámavelli, fyrir einstakar íbúðir, íbúðarhúsnæði, sumarhús og lögbýli sem hér segir :

Sorpreinsunargjald, íbúðir	19.000 kr. á hvert sorpílát
Sorpeyðingargjald, íbúðir	31.000 kr. á hvert sorpílát
Sumarhús, lögbýli	31.000 kr.

### 3.gr.

Umhverfisgjald B er endurvinnslugjald vegna móttöku og þjónustu á gámavelli við lögaðila, iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fyrtækja, stofnanna, félaga og félagasamtaka er á ári sem hér segir :

Flokkur 1	60.000 kr.
Flokkur 2	118.700 kr.
Flokkur 3	178.000 kr.
Flokkur 4	298.000 kr.
Flokkur 5	418.000 kr.
Flokkur 6	718.000 kr.
Flokkur 7 málmar	27 kr m. vsk pr..kg.

Hreppsnefnd skipar framangreindum aðilum í gjaldflokka, þau atriði sem hafa áhrif á matið eru nánar skilgreind í viðauka við gjaldskrá.

### 4.gr.

Að lokinni álagningu gjalda skv. 2. og 3.gr gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku hreppsnefndar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er hreppsnefnd heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

### 5.gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Indriði Indriðason, sveitarstjóri.  
*Tálknafirði 18.desember 2017*



## **Viðauki við gjaldskrá umhverfisgalda í Tálknafjarðarhreppi. Skilgreining gjaldflokka umhverfisgalda B**

### **1. grein**

Eftirfarandi viðmiðanir eru notaðar við mat á flokkun aðila í gjaldflokka vegna umhverfisgalda B í gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps fyrir umhverfisgjald :

#### **1. Flokkur**

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 0-2 starfsmönnum
- b) Söluturnar án veitingaraðstöðu
- c) Smærri verslanir (fatnaðar-, gjafavöru- og minjagripaverslanir)
- d) Lítill hótel eða gistiheimili (fyrir 0-10 gesti)
- e) Bílaleigur

#### **2. Flokkur**

- a) Lítill iðn- og þjónustufyrirtæki (0-2 starfsmenn)
- b) Meðalstór hótel eða gistiheimili fyrir 11-25 gesti)
- c) Söluturnar með veitingaaðstöðu og litlir veitingastaðir (fyrir 0-10 gesti)
- d) Litlir skólar (0-15 nemendur)
- e) Leikskólar
- f) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 3-5 starfsmönnum
- g) Litlar fiskverkanir ( 0-100 tonn/ári)

#### **3. Flokkur**

- a) Miðlungs veitingastaðir (11-15 gestir)
- b) Miðlungs verslun
- c) Áhaldahús
- d) Miðlungs skólar (16-30 nemendur)
- e) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 6-8 starfsmönnum
- f) Stærri hótel eða gistiheimili (fyrir 26 eða fleiri gesti)
- g) Bifreiðaverkstæði, rafverktakar hjólbarðaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (3-4 starfsmenn)
- h) Miðlungs fiskverkanir (101-500 tonn/ári)

#### **4. Flokkur**

- a) Skrifstofur og umboðsfyrirtæki með 9 eða fleiri starfsmönnum
- b) Stærri skólar (31 nemandi eða fleiri)
- c) Matvöruverslanir og stærri verslanir
- e) Stærri fiskverkanir (501-1000 tonn á ári)
- f) Bankar og sparisjóðir
- g) Bifreiða-, rafverktaka- og vélaverkstæði og önnur iðnfyrirtæki (5-7 starfsmenn)
- h) Bensínstöðvar

#### **5. Flokkur**

- a) Minnir fiskvinnslustöðvar (1000-2000 tonn/ári)
- b) Stærri iðn- og þjónustufyrirtæki (8 starfmenn og fleiri)

#### **6. Flokkur**

- a) Stórar fiskvinnslustöðvar (2000 tonn/ári og yfir)
- b) Heilbrigðisstofnun